Brjef landshöfðingja *til beggja amtmannanna* **um 3. lið 17. greinar í tilsk.** 53
25/6 **1869 um skrásetning skipa.** – Eptir fyrirlagi ráðgjafans, skal jeg hjermeð þjónustusamlega 31. marz.
skora á yður, herra amtmaður, að leiða athygli lögreglustjóranna í umdæmi yðar að því, að þegar skip, sem er í innanríkishöfn og skrásett er sem dönsk eign, eða partur í því, fyrir fullt og allt eða með skilyrði verður utanríkiseign annaðhvort við opinbert uppboð eða við það, að það er lagt út sem arfur á opinberum skiptum, þá ber lögreglustjóra, samkvæmt 3. lið 17. greinar í tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa frá 25. júní 1869, að gefa skrásetningarstofunni í tollumdæmi því, er skipið er í, skriflega skýrslu um það, að skipið sje orðið utanríkiseign, og eiga sönnunarskjöl skipsins (mælingarbrjefið eða þjóðernis- og skrásetningarskýrteinið) að fylgja með skýrslunni. Sje ekki auðið að senda nefnd skýrteini eða lögreglustjóri álíti, að fresta beri að senda þau, skal hlutaðeigandi skrásetningarstofu skýrt frá, hverjar ástæður sjeu til þess.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um þýð-** 54
ingu hleðsluskjalanna við innheimtu vínfangatollsins. — Hinn umboðslegi endurskoð- 4. apríl.
andi hefur, jafnframt því að senda mjer eptirrit af úrskurði, lögðum á tollreikning Suðurmúlasýslu 1880, með árituðum svörum, getið þess, að reikningshaldarinn hafi ekki fullnægt 1., 3., 4., og 5. grein úrskurðar þessa, og með því að hann hafi í þessum atriðum reiknað tollinn af minni vöruupphæð, en talin var á tollseðlum hlutaðeigandi skipa, án þess að rannsókn sú hafi farið fram, sem til þess hefði verið nauðsynleg, að víkja hefði mátt frá tollseðlinum við innheimtu hins umrædda gjalds, sjá tilsk. 26. febr. 1872, 2. og 3. gr. sbr. lög 11. febr. 1876, 2. og 3. gr., og honum þó hafi verið innan handar að nota kyrrsetningar og sölurjett þann, er reikningshaldara er heimilaður í 7. gr. tilsk. 26. febr. 1872 til að ná inn gjaldinu, þá hefur hann lagt það til, að reikningshaldara verði uppálagt að standa sjálfur ábyrgð á því, sem vanheimt hefur orðið, og greiða það sem fyrst í landssjóð, án þess nauðsynlegt sje, eins og reikningshaldarinn virðist ætlast til, að höfða mál gegn hlutaðeigandi gjaldendum af hálfu hins opinbera.

Með því að jeg nú verð að fallast á þessa tillögu endurskoðanda, þá vil jeg hjermeð, um leið og jeg sendi yður fyrnefnt eptirrit með árituðum svörum reikningshaldara, þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu fullnægi hinum hjerumrædda úrskurði í öllum atriðum.

Eptirritið óskast endursent ásamt skýrslu um, hvernig úrskurðinum hafi verið fullnægt.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um skoðunargjörð á** 55
Hallormsstaðarskógi. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 26. f. m., hafa hin heiðruðu 28. apríl.
stipsyfirvöld farið þess á leit, að greiddur verði úr landssjóði kostnaðurinn við skoðunargjörð, er eptir skýrslu hlutaðeigandi prests og prófasts megi álítast nauðsynlegt að láta fram fara á Hallormsstaðarskógi og sjerstaklega á hinum svonefnda Flataskógi, til þess að fengizt geti álit manna, er þará beri skyn, um það, að hve miklu leyti, og á hvern hátt tiltækilegast sje að vernda skóg þenna, sem tjáist vera orðinn mjög illa á sig kominn af kali og fúa í viðinum, frá frekari skemmdum.

7. d. júnímán. 1884.

Reykjavík, 1884. Einar Þórðarson.

55 Útaf þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa hinum heiðruðu
28. apríl. stiptsyfirvöldum til vitundar, að jeg verð að fallast á, að skoðunargjörð á hinum hjerumrædda skógi eptir hinum fram komnu skýrslum sje nauðsynleg, og að jeg þessvegna, þarsem hinu opinbera samkvæmt brjefi kirkju- og kennslustjórnarinnar 21. júní 1860 ber að hafa nákvæmar gætur á því, að það sem eptir er af skóginum verði ekki látið sæta meiri skemmdum, en þegar er orðið, vil samþykkja, að kostnaðurinn við skoðunargjörð þessa, er eptir áliti stiptsyfirvaldanna ekki mun geta numið miklu, verði greiddur af því fje, sem veitt er í fjárlögunum til óvissra útgjalda. Og býst jeg á sínum tíma við að fá skýrslu um skoðunargjörðina og úrslit hennar.

56 **Ágrip af 2 brjefum landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lán til**
28. apríl. **kirkjubygginga.** — Með þessum brjefum veitti landshöfðingi 1200 króna lán úr viðlagasjóði til endurbyggingar kirkjunni í Holti undir Eyjafjöllum og 1500 króna lán úr sama sjóði til endurbyggingar Skorrastaðarkirkju í Suðurmúla prófastsdæmi. Skyldu lán þessi hvíla á hlutaðeigandi prestaköllum, og af þeim greiðast 4 af hundraði í vöxtu árlega, en lánin sjálf endurborgast með $^1/_{10}$ á ári í 10 ár.

57 **Ágrip af brjefi landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lán handa prestakalli**
28. apríl. **til jarðabóta.** — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi Lundar prestakalli í Borgarfjarðar prófastsdæmi 600 króna lán úr viðlagasjóði til endurbóta á túni prestssetursins gegn því að af láninu yrðu greiddir 4 af hundraði í vöxtu árlega og það sjálft endurborgað með $^1/_6$ á ári í 6 ár.

58 **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsius í Suðurmúlasýslu* **um skilning á 1. gr**
29. apríl. **húsaskattslaganna frá** $^{14}/_{12}$ **1877.** — Í þóknanlegu brjefi frá 31. des. f. á., hafið þjer, herra sýslumaður, spurst fyrir um það, hvort virða skuli til húsaskatts 2 timburhús, er á síðast liðnu sumri hafa verið byggð á pörtum úr jörðinni Brekku í Mjóafirði. Er hvor jarðarparta þeirra, er nefnd hús standa á, talinn 2 ☞ að dýrleika, og nota ábúendur þeirra húsin við ábúð á jarðarpörtunum, en lifa annars, eptir því sem þjer skýrið frá, mestmegnis af sjáfarafla.

Útaf þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega gefa yður til vitundar, að með því að hin umræddu hús eigi geta talizt til jarðarhúsa þeirra, er fylgja jörðinni Brekku sjálfri, þá verð jeg, sjerstaklega með tilliti til þess, hvernig ákvörðun sú, er hjer á við, í 1. gr. húsaskattslaganna frá 14. des. 1877, er til orðin á alþingi 1877, að álíta, að nefnd hús verði eigi undanþegin húsaskatti, og skal því þjónustusamlega skora á yður að gjöra sem fyrst nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að virðing á þeim fari fram í því skyni.

59 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um leyfi**
6. maí. **til að nota lopt fangahússins á Eskifirði til fundarhalda.** — Samkvæmt beiðni hrepps-